

LÖG**um breyting á lánsfjárlögum fyrir árið 1989, nr. 12/1989.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 1. gr. laganna:

- a. Í stað „5.135.000“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: 6.285.000.
- b. Í stað „5.300.000“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: 11.300.000.
- c. Við bætist ný málsgrein svohjóðandi:

Fjármálaráðherra er heimilt að endurlána Atvinnuþryggingarsjóði útflutningsgreina allt að 900.000 þús. kr. af þeirri fjárhæð sem um getur í 1. málsl. 1. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

Í stað „900.000“ í 7. gr. laganna komi: 1.350.000.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 20. desember 1989.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Ólafur Ragnar Grímsson.***LÖG****um breytingu á lögum nr. 83/1984, um erfðafjárskatt.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Af öllum fasteignum hér á landi, sem eigendaskipti verða að á grundvelli lögerfða, bréferfða eða fyrirframgreiðslu arfs, skal greiða skatt eftir lögum þessum án tillits til þess hvar aðilar að ráðstöfuninni eru búsettir.

2. gr.

Við bætist ný grein er verði 25. gr., svohljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á erfðafjárskatti erlendra og íslenskra skattaðila sem eftir gildandi löggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu eignum bæði á Íslandi og erlendis.